Skipulagsstofnun

Ísafjarðarbær
Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Reykjavík, 14. febrúar 2023
Tilvísun: 202110027 / 3.2

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna íbúðarbyggðar á landfyllingu norðar Skutulsfjarðareyrar

---

Ísafjarðarbær hefur, með erindi dags. 23. janúar 2023, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í bæjarstjórn 5. janúar 2023.

Skipulagstillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000, dags. 2. desember 2022, og í greinargerð með sömu dagsetningu.

Í breytingartillögunni felast áform um allt að 4,5 ha landfyllingu norðan Fjarðarstrætis á Skutulsfjarðareyri. Með fyrirhugaðri landfyllingu verður til rými fyrir nýja 3,8 ha íbúðarbyggð Í25 en markmiðið með breytingunni er að auka framboð og fjölbreytni svæða til búsetu. Útivistarsvæðið Ú17, þar sem gert er ráð fyrir grænu svæði og göngustíg meðfram sjónum, færist utar á nýja landfyllingu.

Með erindinu bárust umsagnir um lýsingu og vinnslutillögu frá ýmsum aðilum, m.a. Björgvini Hilmarssyni dags. 11. nóvember 2021 & 20. september 2022, Umhverfisstofnun dags. 16. nóvember 2021 & 10. ágúst 2022 og undirskriftalisti frá tæplega 160 börnum og ungmennum.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga þegar brugðist hefur verið við eftirfarandi atriðum:

- Af framkomnum athugasemdum og ábendingum má ráða að áformin eru umdeild. Því telur stofnunin mikilvægt að sett verði skipulagsákvæði þess efnis að í deiliskipulagi fyrir svæðið verði gerð grein fyrir mótvægisaðgerðum sem ráðist verði í til að sporna við mögulegum neikvæðum áhrifum, hvort tveggja á framkvæmdatíma og að framkvæmdum loknum. M.a. þarf að huga að landmótun nýrrar strandlengju og tryggja aðgengi svo að sem flest geti haldið áfram að njóta fjörunnar og strandlengjunnar til útivistar.
- Mikilvægt er að öllum umsagnaraðilum og þeim aðilum sem hafa skilað inn ábendingum verði gert sérstaklega viðvart um athugasemdafrest á auglýsingatíma.

Sigurjón Jóhannsson

Borgartúni 7b
IS-105 Reykjavík
Sími 595 4100
Kennitala 590269 5149
www.skipulag.is
skipulag@skipulag.is